

Breyting á deiliskipulagi Flekkudal, frístundabyggð á Nesi

Nesvegur 4 og 6



Dagsetning breytingar deiliskipulags 17.05.19

Breyting deiliskipulags felur í sér breytingu á skipulags- og byggingarskilmálum fyrir Nesveg 4 og 6. Skipulagsupphættur er óbreyttur. Breytingin er í samræmi við Aðalskipulag Kjósarhrepps 2017-2029.

Gildandi deiliskipulag

Í gildi er Deiliskipulag Flekkudal, frístundabyggð á Nesi, sem samanstendur af skipulagsupphætti og greinargerð. Auglýsing nr. 1304/2015 um gildistöku var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 15.02.2016.

Lýsing á breytingu

Deiliskipulagsbreytingin nær einungis til lóða 4 og 6. Breytingin tekur einungis til hluta liðs „Byggingarskilmálar“ í greinargerð deiliskipulags.

Byggingarskilmálar fyrir breytingu:

Innan byggingarreits frístundalóðar er heimilt að staðsetja eitt frístundahús og eina geymslu svo framarlega sem hún sé við frístundahúsið og tengist því með sólpalli, skjólvegg eða burðarbita. Stærð frístundahúss má vera allt að 150 m² að flatarmáli og stærð geymslu allt að 50 m². **Mænishæð frístundahúss frá gólfplötu að efsta punkti þaks er 6 m. Mænishæð geymslu frá gólfplötu að efsta punkti þaks er 5 m** og skal geymsla vera á einni hæð. **Þakhalli á byggingum á frístundalóðum skal vera á bilinu 20°-45°. Mænisstefna er sýnd á upphætti. Heimilt er að hafa mænistefnu 90° á uppgefna stefnu.** Hæð gólfplötu skal að hámarki vera 50 cm yfir frágengnu yfirborði lóðar við húsvegg. 70% útveggja bygginga skulu klæddar timbri. Litaval á útveggjum og þökum skal vera lítið áberandi. Heimilt er að setja lága lýsingu á útveggi og verandir, en óheimilt er að staðsetja lampa og útljós í meira en 2 m fjarlægð frá húsum. Ljósgrafi skal lýsa á gangflöt en að öðru leiti skal hann vera hulinn. Útlýsing skal ekki valda óþarfa ljósmengun.

Byggingarskilmálar eftir breytingu:

Sérskilmálar fyrir Nesveg 4 og 6

Innan byggingarreits frístundalóðar er heimilt að staðsetja eitt frístundahús og eina geymslu svo framarlega sem hún sé við frístundahúsið og tengist því með sólpalli, skjólvegg eða burðarbita. Stærð frístundahúss má vera allt að 150 m² að flatarmáli og stærð geymslu allt að 50 m². **Salarhæð frístundahúss frá gólfplötu að efsta punkti þaks er 4 m. Salarhæð geymslu frá gólfplötu að efsta punkti þaks er 4 m** og skal geymsla vera á einni hæð. **Þakform frístundahúsa er frjálst og einnig er þakhalli frjáls.** Hæð gólfplötu skal að hámarki vera 50 cm yfir frágengnu yfirborði lóðar við húsvegg. 70% útveggja bygginga skulu klæddar timbri. Litaval á útveggjum og þökum skal vera lítið áberandi. Heimilt er að setja lága lýsingu á útveggi og verandir, en óheimilt er að staðsetja lampa og útljós í meira en 2 m fjarlægð frá húsum. Ljósgrafi skal lýsa á gangflöt en að öðru leiti skal hann vera hulinn. Útlýsing skal ekki valda óþarfa ljósmengun.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt

2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br.

frá _____ til _____

var samþykkt í hreppsnefnd þann _____ 2019

Samþykkt breytingarinnar á skipulagsskilmálum var auglýst í

B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2019